

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglugerðarinnar:

a. 4. mgr. verður eftirleiðis svohljóðandi:

Um málsmeðferð vegna auglýsingar tillögu að starfsleyfi og draga að breytingu á starfsleyfi fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

b. 5. mgr. fellur brott.

c. Við 2. málsl. 6. mgr. bætist: eftir því sem við á.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 9. júlí 2026.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.

B deild - Útgáfudagur: 23. júlí 2026